

- 19.2. Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

20. gr.

Brot, sektarákvæði og meðferð mála.

- 20.1. Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Tálknafjarðar. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnalaga.
- 20.2. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Tálknafjarðarhöfn nr. 43/1970, ásamt breytingu nr. 123/1975.

Samgönguráðuneytið, 15. mars 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Helgi Jóhannesson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

Bifreiðastöður verða leyfðar á Skipagötu á 13 stæðum við vesturbrún götunnar, þar sem settir verða upp stöðumælur. Einnig verða settir upp stöðumælur á 20 stæði í vestustu röð á bifreiðastæðinu austan Skipagötu.

Stöðumælagjaldið hefur verið ákveðið kr. 10 fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur og hámarkstími 1 klst.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð á Akureyri.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 21. mars 1989.

Elías I. Eliasson.

REGLUGERÐ

um þátttöku sveitarfélaga í kostnaði sjúkrasamlaga.

1. gr.

Af heildarkostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir samtals 15% með þeim hætti, sem segir í 2. grein.

2. gr.

Hlutdeild sína í heildarkostnaði sjúkrasamlaga greiða sveitarfélög innan hvers samlags-svæðis með því að greiða af kostnaði sjúkrasamlags síns frá 1. janúar 1989 eins og hér segir:

Sjúkrasamlag Gullbringusýslu	31,63%
Sjúkrasamlag Kjósarsýslu	24,43%
Sjúkrasamlag Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	29,19%
Sjúkrasamlag Snæfells- og Hnappadalssýslu	26,45%
Sjúkrasamlag Dalasýslu	36,15%
Sjúkrasamlag Austur-Barðastrandarsýslu	29,26%
Sjúkrasamlag Vestur-Barðastrandarsýslu	37,15%
Sjúkrasamlag Ísafjarðarsýslu	34,39%
Sjúkrasamlag Strandasýslu	30,17%
Sjúkrasamlag Vestur-Húnavatnssýslu	35,18%
Sjúkrasamlag Austur-Húnavatnssýslu	29,24%
Sjúkrasamlag Skagafjarðarsýslu	30,89%
Sjúkrasamlag Eyjafjarðarsýslu	41,57%
Sjúkrasamlag Píngeyjarsýslu	32,73%
Sjúkrasamlag Norður-Múlasýslu	27,59%
Sjúkrasamlag Suður-Múlasýslu	29,47%
Sjúkrasamlag Austur-Skaftafellssýslu	23,64%
Sjúkrasamlag Vestur-Skaftafellssýslu	33,30%
Sjúkrasamlag Rangárvallasýslu	32,78%
Sjúkrasamlag Árnessýslu	31,26%
Sjúkrasamlag Keflavíkur	26,46%
Sjúkrasamlag Njarðvíkur	28,06%
Sjúkrasamlag Grindavíkur	24,91%
Sjúkrasamlag Hafnarfjarðar	31,72%
Sjúkrasamlag Garðabæjar	23,05%
Sjúkrasamlag Kópavogs	26,18%
Sjúkrasamlag Seltjarnarness	25,27%
Sjúkrasamlag Akraness	30,02%
Sjúkrasamlag Ísafjarðar	28,38%
Sjúkrasamlag Bolungarvíkur	26,48%
Sjúkrasamlag Sauðárkróks	28,44%
Sjúkrasamlag Siglufjarðar	33,19%
Sjúkrasamlag Ólafsfjarðar	22,83%
Sjúkrasamlag Dalvíkur	34,78%
Sjúkrasamlag Akureyrar	31,72%
Sjúkrasamlag Húsavíkur	27,59%
Sjúkrasamlag Seyðisfjörður	28,99%
Sjúkrasamlag Neskaupstaður	29,93%
Sjúkrasamlag Vestmannaeyjar	25,31%
Sjúkrasamlag Reykjavíkur	33,98%

3. gr.

Framlagi sveitarsjóða innan samlagssvæðis skal jafnað niður á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með áorðnum breytingum og öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi eldri reglugerðir um sama efni, nr.350/1977, nr.134/1986 og nr.148/1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. mars 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Ingimarsson.